

Ed.

696. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um eiða og drengskaparorð.

Vér, sem háttv. efri deild hefir falið að ihuga frumvarp þetta, höfum orðið ásáttir um, að ráða háttv. deild frá því, að samþykkja það.

Annars vegar lítum vér svo á, að það orðalag, sem verður á eiðstafnum eftir frumvarpinu, sé ekki breyting til bóta frá því sem nú er og sé tæpast eftir nútíðar málvenju lagað til að varðveita þá alvöru sem eiðsathöfnin með engu móti má án vera.

Og þó að hins vegar mætti færa orðalag frumvarpsins til betri vegar, þá höfum vér þó ekki ráðist í það, með því að vér lítum svo á, að engin nauðsyn knýi til breytinga á eiðnum.

Yfir höfuð verðum vér að telja, að tilefnislítill nýbreytni í þessu efni sé ekki æskileg.

Alþingi 30. apríl 1909.

Lárus H. Bjarnason,
formaður.

Kristinn Danielsson,
skrifari.

Gunnar Ólafsson.